

**156. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 2.  
apríl 2025 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Þorbjörn Halldór Jóhannesson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Catherine Patricia Chambers, Valur Richter aðalmaður, Bernharður Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gauti Geirsson, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður og Halldóra Björk Norðdahl formaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Axel R. Överby, sviðsstjóri.

**Dagskrá:**

**1. Fundargerðir heilbrigðisnefndar og ýmis erindi 2025. - 2025020184**

Á 1316. fundi bæjarráðs, þann 3. mars 2025, var lögð fram til kynningar fundargerð 151. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem haldin var þann 20. febrúar 2025 og ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2024. Bæjarráð vísaði málinu til kynningar í umhverfis- og framkvæmdanefnd.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Sláttur opinna svæða 2025 - 2025030223**

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, dags. 31. mars 2025, um slátt opinna svæða.

Einnig lögð fram gildandi slátturkort sveitarfélagsins.

*Umhverfis og framkvæmdanefnd, felur starfsmanni að gera breytingar fyrir sumarið í samræmi við ítarbókun.*

**3. Bréf frá Félagi atvinnuveiðimanna í ref og mink - 2025030186**

Lagður fram til kynningar, tölvupóstur frá Garðari Páli Jónssyni formanns Bjarmalands, félagsskap atvinnuveiðimanna í ref og mink, dags. 22. mars 2025. Eitt af markmiðum félagsins að samræma greiðslur vegna veiða um allt land. Jafnframt eru lögð fram drög að samningi um refaveiði og minkaveiði.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Stóri plökkgagurinn 2025 - 2025030221**

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, dags. 31. mars 2025, um stóra plökkgagurinn.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Græn vika 2025 - 2025030224**

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, dags. 31. mars 2025, þar sem óskað er eftir afstöðu umhverfis- og framkvæmdanefndar til þess hvort að endurvekja eigi græna viku í Ísafjarðarbæ.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til að Græna vikan verði endurvakin og verði haldin í viku í kjölfar Plokkdagsins, 27. apríl 2025 eða 28. apríl til 4. maí 2025.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:21**

---

Catherine Patricia Chambers

---

Valur Richter

---

Gauti Geirsson

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Halldóra Björk Norðdahl

---

Axel Rodriguez Överby